

Nd. **315. Frumvarp til laga** [115. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1950.

(Lagt fyrir Alþingi á 69. löggjafarþingi, 1950.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1950 skal koma saman tíunda dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrir á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþingi, er nú situr, mun eigi ljúka störfum fyrir 15. febrúar þ. á. Ber því nauðsyn til að ákveða með lögum annan samkomudag reglulegs Alþingis 1950 en ráðgerður er í 35. gr. stjórnarskrárinnar. Er lagt til, að þingið verði kvatt til fundar eigi síðar en 10. október n. k.